

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 266, 30. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 169, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1989.

F. h. r.
Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUR

um króm í sementi.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um framleiðslu, innflutning og notkun á sementi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með sementi er átt við portlandssement, hraðsement, blöndusement og hvers konar innflutt sement og óhörðnuð sementsbundin efni.

3. gr.

Almenn ákvæði.

Sá sem framleiðir eða flytur inn sement skal sjá um að við afhendingu og notkun þess sé innihaldið af vatnsleysanlegu sexgiltu krómi eins lítið og kostur er.

Magn vatnsleysanlegs sexgils króms skal við afhendingu og notkun ekki fara yfir 2 mg/kg þurr sement.

4. gr.

Merkingar.

Sekkjað sement skal við afhendingu vera merkt með upplýsingum um þökkunardag og hversu langan tíma sexgilt króm er innan fyrrgreindra marka. Einnig skal þar koma fram að eftir þann tíma aukist hættan á krómofnæmi við notkun sementsins.

5. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 3. gr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 2. mgr. 51. gr. laga nr 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1989.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Hallgrímsson.